



Hafnarfjörður

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 30. mars 2023
2303676

Efni: Drög að frumvarpi til laga um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 64. mál árið 2023 til umsagnar

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 29. mars 2023 var svohljóðandi bókun lögð fram og samþykkt af meirihluta bæjarstjórnar:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar styður endurskoðun á reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með því markmiði að starfsemi sjóðsins, þær stefnumótandi áherslur sem hann leggur og áhrif þeirra á fjárhag sveitarfélaganna verði sýnilegri og skýrari en verið hefur. Með því er stuðlað að umræðu og virku aðhaldi að starfsemi sjóðsins, sem alltaf er nauðsynlegt.

Í tillögum starfshóps um sjóðinn vekur athygli að lagt er til að „nýti sveitarfélag ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum“. Þau sveitarfélög sem ákveða að gefa íbúum kost á að ráðstafa sjálfum stærri hluta tekna sinna með því að leggja ekki á hæsta leyfilega útsvar geta því orðið fyrir skerðingu framlaga ríkisins til málaflokka á borð við grunnskóla og málefni fatlaðs fólks. Skerðingarákvæði af þessu tagi vinnur gegn því sjálfræði sem sveitarfélög hafa og eiga að geta nýtt sér eftir aðstæðum á hverjum stað. Því er eindregið lagt til að þetta ákvæði verði endurskoðað.“

Fyrir hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar,

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri